

Sb. 241. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]

um endurskoðun á aðild Íslands að Norður-Atlantshafssamningi og Atlantshafsbandalagi.

Flm.: Gils Guðmundsson, Einar Olgeirsson, Alfreð Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til að kanna, svo sem við verður komið, hvaða hugmyndir eru uppi meðal aðildarríkja Atlantshafsbandalagsins um skipulag þess og framtíð. Jafnframt skal nefndin fjalla um afstöðu Íslands til Norður-Atlantshafssamningsins frá 1949, jafnt í ljósi fenginnar reynslu sem breyttra aðstæðna og þeirra upplýsinga, er fyrir liggja og fram kunna að koma um viðhorf aðildarríkja til samningsins. Skal nefndin, með sérstöku tilliti til ákvæðis samningsins um uppsagnarheimild árið 1969, semja rökstudda greinargerð um málið og leggja hana fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Hinn 30. marz 1949 samþykkti meiri hluti Alþingis tillögu til þingsályktunar, þar sem ríkisstjórninni var falið að gerast stofnaðili fyrir Íslands hönd að Norður-Atlantshafssamningi „um sameiginlegar varnir og varðveizlu friðar og öryggis“. Var samningur þessi undirritaður í Washington hinn 4. apríl 1949 og gekk í gildi 24. ágúst sama ár. Á grundvelli þessa samnings varð til Norður-Atlantshafsbandalagið (North Atlantic Treaty Organisation, skammstafað NATO).

Í 12. gr. Norður-Atlantshafssamningsins segir á þessa leið:

„Þegar tuttugu ár eru liðin frá gildstöku samnings þessa, getur hver aðili sagt honum upp með eins árs fyrirvara, talið frá afhendingu tilkynningar þess efnis til ríkisstjórnar Bandaríkja Ameríku, en hún skýrir ríkisstjórnnum annarra aðila frá afhendingu slíkra tilkynninga.“

Svo sem kunnugt er, urðu á sínum tíma mjög harðar deilur um það, hvort Ísland skyldi gerast aðili að Norður-Atlantshafssamningnum. Alla stund síðan hafa skoðanir verið skiptar um þá ákvörðun, svo og um Atlantshafsbandalagið, gildi þess og áhrif á sambúð þjóða. Hafa þær deilur stundum risið hátt hér á landi, þótt ekki verði það rakið frekar hér.

Norður-Atlantshafssamningurinn hefur nú gilt í 16 ár. Margvisleg rök virðast mæla með því, að Íslendingar geri sér þess svo ljósa grein sem verða má, hvaða kostir og gallar fylgja aðild að þessum samningi og hver vera skuli stefna Íslands að því er varðar aðild að honum í framtíðinni. Í fyrsta lagi stýttist nú óðum sá tími, sem þátttökuriki eru skuldbundin samkvæmt stofnsamningi til aðildar. Í öðru lagi er nauðsynlegt að vega það og meta, að hverju leyti aðstæður kunna að hafa breytt í heimsmálum frá þeim tíma, er samningurinn var gerður. Í þriðja lagi hljótum við Íslendingar að fylgjast með því af vakandi athygli, hvaða umræður fara fram og hverjar skoðanir eru uppi meðal annarra aðildarríkja um afstöðuna til samningsins og Atlantshafsbandalagsins.

Að undanfögnu hefur mátt sjá þess ýmis merki, að til tíðinda geti dregið innan Atlantshafsbandalagsins, sem kunna að hafa úrslitaáhrif á framtíð þess. Ljóst virðist vera, að stjórnendur Frakklands eru þess mjög ófúsir að eiga aðild að Atlantshafsbandalaginu í óbreyttri mynd. Vitað er, að harðar deilur eru uppi um þá fyrirætlun, að Vestur-Þýskalaland fái íhlutunar- eða yfirráðarétt yfir hluta af kjarnorkuherafla bandalagsríkjanna. Telja ýmsir, að slík ákvörðun muni binda endi á allar tilraunir til að hindra frekari útbreiðslu kjarnavopna með samningum milli þeirra þjóða, sem ráða yfir þeim vopnum nú.

Frá Noregi hafa borizt fregnir af því, að þar séu hafnar umræður um aðild Norðmanna að Atlantshafsbandalaginu og hugsanlega úrsögn úr því. Er talið, að málið sé til athugunar og endurskoðunar bæði hjá Verkamannaflokknum og hinum nýju stjórnarflokkum þar í landi.

Flm. þessarar tillögu hafa frá upphafi verið algerlega andvígir aðild Íslands að Atlantshafsbandalagi og eru það enn. Á hinn bóginn hefur meiri hluti Alþingis verið fylgjandi slíkri aðild. Telja má æskilegt og fyllilega tímabært, eigi sízt með hliðsjón af uppsagnarákvæði Atlantshafssamningsins, að nú og á næstu missirum verði aflað sem viðtækasta og haldbeztra upplýsinga og gagna, er skýrt geti viðhorfin og auðveldað þingi og þjóð að taka afstöðu til aðildar Íslands að Atlantshafsbandalagi á komandi tímum. Margt hefur breytt og er að breytast á alþjóðavettvangi, þar á meðal viðhorf ýmissa þjóða til herbandalaga. Íslendingum ber skylda til að fylgjast sem bezt með framvindu þessara mála, svo að þeir geti tekið til þeirra afstöðu, sem byggð er á traustum forsendum. Fyrir þær sakir er lagt til, að Alþingi kjósi 7 manna nefnd til að afla gagna um fengna reynslu af Atlantshafsbandalaginu og viðhorf aðildarríkja til skipulags þess og starfshátta á komandi tímum. Skal nefnd þessi semja rökstudda álitserð að athugun lokinni og leggja hana fyrir Alþingi.